

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SÖLU- OG SMÁSÖLU-
DREIFINGAR

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1885
komudagur 12.4.2002

Reykjavík, 12.04.2002

Tilv 02 109

GÁS/gás

Efni: Frumvarp til laga um vörur unnar úr eðalmálum


Vísað er til erindis hæstvirtrar efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 5. þ.m., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um vörur unnar úr eðalmálum, 620. mál.

Mjög stuttur tími er gefinn til að veita umsögn um þetta frumvarp og hefði verið nauðsynlegt að fá meira svigrúm til að skoða málið enda getur það haft töluverð áhrif á innflutning vara sem frumvarpið tekur til. Þar sem ekki verður séð að nauðsynlegt sé að afgreiða málið með hraði er því beint til nefndarinnar að málinu verði frestað til næsta þings. Í ljósi þess einnig að væntanleg er evrópulöggjöf á þessu sviði er ástæðulaust að setja sérstök lög um þetta efni núna sem væntanlega þarf að breyta innan skamms tíma. Mun þetta hafa neikvæð áhrif fyrir bæði innflytjendur og verslanir.

Verði frumvarp þetta að lögum mun það hafa mjög aukinn kostnað í för með sér og hækka vöruverð auk þess sem verið er að stækka enn meira eftirlitsiðnað ríkisins sem hefur verið að aukast gríðarlega á undanförunum árum.

Í ljósi þess hve skammur tími er gefinn til að veita umsögn um frumvarpið er ekki sérstaklega gerðar athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins. Samtökin eru hins vegar reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar og fjalla nánar um frumvarpið verði þess óskað.

Virðingarfyllst


Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.